



6.6.2002.
15/222/LÓ/ló

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, 707. mál.

Heilsugæslan þakkar fyrir að fá tækifæri til að segja álit sitt á ofangreindu frumvarpi.

Skipta má athugasemdum okkar í tvennt, annars vegar almennar athugasemdir um gildissvið laganna og verkefni Lýðheilsustöðvar og hins vegar sértækar athugasemdir við einstakar lagagreinar.

Almennt má segja um lagafrumvarpið að samkvæmt því er hlutverk Lýðheilsustöðvar óljóst og mörk verksviðs stöðvarinnar við verksvið Landlæknis annars vegar og heilsugæslunnar hins vegar loðin. Með framlagningu frumvarps af þessum toga hefði verið bæði nauðsynlegt og löngu tímabært að endurskoða og endurskilgreina lög um hlutverk Landlæknis, heilsugæslunnar og ýmissa sérfræðiráða sem starfandi eru. Hvað Landlækni áhrærir hefur hann samkv. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 það hlutverk að vera:

- ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar um allt er varðar heilbrigðismál
- annast framkvæmd tiltekinna málaflokka f.h. ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum er þar um gilda
- hafa eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta
- skipuleggja skýrslugerð heilbrigðisstarfsfólks og heilbrigðisstofnana og innheimta þær
- annast útgáfu heilbrigðisskýrsla í samvinnu við ráðuneytið
- sinna kvörtunum eða kærnum er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar

Ljóst er að Landlæknir hefur lent í þeirri stöðu að eiga á hættu að þurfa að hafa eftirlit með sjálfum sér þar sem embætti Sóttvarnalæknis er hluti landlæknisembættisins og hefur með höndum viðamiklar skyldur í framkvæmd sóttvarna.


Feiknamikið starf hefur lagst á herðar Landlæknis í gegnum tíðina vegna ýmiss konar heilsuverndar og heilsueflingarverkefna. Hver verða mörkin milli Lýðheilsustöðvar og Landlæknis samkvæmt frumvarpinu? Því er á engan hátt svarað þar.

Ennfremur eru skilin milli Lýðheilsustöðvar og heilsugæslunnar ekki ljós en samkvæmt 19. gr. laga um heilbrigðisþjónustu segir að meðal hlutverka heilsugæslustöðva sé heilsuvernd og aðalgreinar hennar tilgreindar í 16 liðum án þess þó að skilgreina nánar hversu víðtæk hún skuli vera. Varla er minnst á heilsugæslu í frumvarpinu nema í 6. gr. um Áfengis- og vímuvarnaráð og 7. gr. um Manneldisráð. Teljum við því mikilvægt að athuga hlutverk allra aðila sem að lýðheilsu koma í tengslum við nýja löggjöf sem þessa.

Fátt er að segja um einstakar greinar frumvarpsins en í fylgiskjali Fjármálaráðuneytis með frumvarpinu segir að gert sé ráð fyrir að starf tannverndarráðs, gigtarráðs og heilsueflingar og starf Árvekni að slysavörnum barna verði flutt til stöðvarinnar. Það verður alls ekki lesið úr frumvarpinu sjálfu og tæplega úr athugasemdum sem fylgja því.

Leggjum við til að frumvarp þetta verði endurskoðað með tilliti til þeirra hlutverka nú og til framtíðar, sem aðrir aðilar hafa með höndum á sviði heilsuverndar og heilsueflingar.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilsugæslunnar


Lúðvík Ólafsson
lækningaforstjóri